

Fundargerð Þjóðgarðsráðs Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls

Fjórdi fundur þjóðgarðsráðs Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, haldin 15. nóvember 2022, klukkan 16:00 í fjarfundi.

Mættir: Kristinn Jónasson (formaður), Magnús Aðalsteinn Sigurðsson (Minjavörður), Inga Dóra Hrólfsdóttir (sviðsstjóri), Iðunn Bragadóttir (Samút), Anna Hallgrímsdóttir (Náttúruverndarsamtök) Hákon Ásgeirsson og Þjóðgarðsvörður sem ritar fundargerð

Þórður Runólfsson (ferðaþjónusta) fjarverandi.

1. Staða framkvæmda við þjóðgarðsmiðstöð

- Starfsfólk flutti á skrifstofur um miðjan október og flest skrifstofuhúsgögn komin í hús. Öryggis- og lokaúttekt ólokið. Formleg afhending hússins áætluð fyrir lok nóvember mánaðar.
- Hönnun fyrirsýningar hafin og stefnt á að þeirri vinnu ljúki í byrjun árs 2023.
- Unnið er að hönnun upplýsingaborðs sem verður sett upp samhliða fyrirsýningu. Kennslurými er á hugmyndastigi, verður unnið með arkitekt.
- Frágangur á útisvæði við þjóðgarðsmiðstöð er stefnt á að ljúka vor 2023. Áætlað er að funda með arkitekt um lokafrágang um hvernig honum skuli hagað. Huga þarf að lýsingu á útisvæði sem ætti að vera lágstemmd til að draga úr óþarfa ljósmengun. Lýsing þarf að vera við veg og bílastæði þjóðgarðsmiðstöðvar. Vegur sem liggur að miðstöðinni og tjaldsvæði þarf að breikka með tilliti til aukinnar umferðar og umferðar langferðabifreiða.
- Til skoðunar er hvenær formleg opnun á gestastofunni verður. Tillaga er að það verði í lok febrúar 2023 þegar fyrirsýning verðu tilbúin og upplýsingaborð og innréttingar fyrir minjagripasölu verður tilbúið. Ákvörðun um nákvæma dagsetningu verður tekin fyrir á fundi hjá Umhverfisstofnun og í samráði við ráðuneytið. Einnig tekin saman listi yfir hverjum þarf að senda boðskort. En opnunin verður opin öllum og auglýst á viðeigandi miðlum.
- Hugmyndavinnuhópur um sýninguna í þjóðgarðsmiðstöðinni hefur lokið störfum og komin er samantekt þeirra vinnu sem verður nýtt í gerð útboðsganga fyrir hönnun sýningarinnar. Vinna við gerð útboðsgagna mun hefjast nú í kjölfarið.

2. Mönnun í þjóðgarðinum

- Staðan í dag er að það eru þrír í fastri vinnu allt árið. Í sumar voru þrír auka landverðir og einn af þeim verður í vinnu fram að áramótum.
- Þrjú ný stöðugildi hafa verið auglýst, þ.e. staða yfirlandvarðar, landvarðar og þjónustufulltrúa. Þá verða föst stöðugildi í þjóðgarðinum sex.

3. Viðburðir og fræðsla í sumar og fram á vetur

- Fræðslugöngur voru daglega frá 1. júlí – 10. ágúst og tóku í heildina 90 manns þátt.
- Aðrir viðburðir voru að þjóðgarðurinn tók þátt í Barnamenningarhátíð og bauð upp á fræðslugöngu og dagskrá fyrir krakka. Þá var haldið upp á dag náttúru með því að bjóða upp á göngu. Tekið var á móti tveim skólahópum úr grunnskóla Snæfellsbæjar.

4. Talningar í þjóðgarðinum

- Farið var yfir fjölda gesta sem komið hafa í þjóðgarðinn það sem af er ári:
 - Gestir í þjóðgarðinn frá áramótum um 310.000
 - Á gestastofu Malarriði frá áramótum um 58.000

5. Verkefni 2022 og 2023

Svæði	Verkefni	Ár	Staða
Arnastapi	Deiliskipulag, endurbætur á göngustíg að Músagjá og útsýnispallur	2022-2023	Hafið
Búðir	Endurbætur á Aðkomusvæði við sjárgötu og Klettsgötu, lagfæring á gönguleiðum	2022- 2023	Langt komið
Djúpalónsandur	Deiliskipulag, bygging nýs salernishúss og gerð bílastæðis nær Þjóðvegi. Áframhaldandi vinna við göngustíg og útsýnisstaði.	2022-2023	Hafið
Þjóðgarðurinn	Framkvæmd og umbætur á gönguleiðakerfi Þjóðgarðsins, fjölgun leiða og merkingar bættar	2022-2023	Hafið
Þjóðgarðurinn	Hönnun og gerð fræðslu og upplýsingaskilta og vegvísa.	2022-2023	Hafið
Malarrif	Lokafrágnagur á lóð við gestastofu	2022	Lokið
Malarrif	Hönnun og framkvæmd göngustíga og afþreyingar, endurbætur og fjölgun leiktækja	2023	
Malarrif	Hönnun og uppbygging áningarstaðar og útsýnispalls við Malarrifsvita	2022-2024	Hafið
Öndverðanes	Gerð minjahlíðarsvæðis með sögustíg, áframhald viðhald og uppbygging göngustíga, gerð bílastæðis	2022-2023	Í ferli
Saxhóll	Útsýnispallur á gígtoppum, áningasvæði og tenging á gönguleið upp á gíginn.	2022-2023	Í ferli
Djúpalón-Dritvík	Lagfæring og viðhald gönguleiðar á milli Djúpalón og Dritvíkur	2022-2023	Langt komið
Þjóðgarðurinn	Umbætur á gönguleiðakerfi Þjóðgarðsins	2022-2023	Hafið
Deiliskipulag	Malarrif	2023	Ný umsókn
Deiliskipulag	Öndverðanes	2023	Ný umsókn

- Í forgangi eru framkvæmdir þjónustusvæðis við Djúpalón. Deiliskipulag er í vinnslu stefnt á að verði lokið í vor 2023. Salernishús er fullhannað. Sótt var um viðbótarfjármagn vegna byggingu þess og framkvæmdir við gerð bílastæðis sem verða í kjölfar staðfestingar á deiliskipulagi. Mikilvægt að bjóða út framkvæmdir við byggingu hússins sem fyrst.
- Sótt var um aukið fjármagn til að klára framkvæmdir við Saxhól. Þar á eftir að ganga frá áningasvæði við bílastæði og tengingu gönguleiðar frá bílastæði að tröppum upp á gíginn. Einnig er eftir frágangur við útsýnispall á toppi gígsins.

6. Veturinn framundan

- Stefnt á samráðsfund með aðilum sem þjónusta skemmtiferðaskip í byrjun árs 2023. Mikilvægt að koma á góðu samtali þar um varðandi dreifingu gesta úr skemmtiferðaskipum um Snæfellsnesið til að koma í veg fyrir of marga gesta á sama stað á sama tíma. Það hefur neikvæð áhrif á upplifun gesta og veldur miklu álagi á starfsfólk svæðanna og einnig innviði þess eins og salerni.
- Vinna við uppfærslu stjórnunar- og verndaráætlunar er á loka metrum og stefnt á að verði tilbúin fyrir lok árs.
- Verkefni Svæðisgarðsins - umsókn um að Snæfellsnes verði UNESCO Man and Biosphere svæði – Þjóðgarðurinn tekur þátt í því verkefni.
- Stefnt er á að hefja vinnu við gerð fræðsluáætlunar fyrir Þjóðgarðinn.

Önnur mál

- Húsnæðismál fyrir sumarlandverði óljós á næsta ári. Ekki er komin endanleg niðurstaða hvað verði gert við íbúðarhúsið á Malarrifi. Mikilvægt að fá niðurstöðu um framkvæmdir við húsið.
- Lagt til að eiga samtal við Vegagerðina til að ræða áframhaldandi malbikun á veginum út á Öndverðanes. Umhverfisstofnun hefur samband við Vegagerðina og mun óska eftir fundi.
- Búa til fundarplan fyrir næsta ár á næsta fundi.
- Búa til fjárhagsramma fyrir Þjóðgarðsráð. Lagt til að fulltrúar í Þjóðgarðsráði hittast í Þjóðgarðinum 1 til 2 á ári, annars fjarfundir á 6- 8 vikna fresti
- Lagt til að fundargerðir verði settar á netið svo þær verði aðgengilegar öllum.

Fundi slitið kl. 17:30